



HRUNAMANNAHREPPUR

**43. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 9. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 2. SEPTEMBER 2021
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM**

Árið 2021, þann 2. september kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, kjörbréf vegna ársþings SASS. Sveitarstjórn samþykkir að erindið verði lagt fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Yfirlit yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins.

Sveitarstjóri fór yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins. Rekstur sveitarfélagsins er að mestu á áætlun en ljóst er að álag er á einstaka liði sérstaklega launaliði og framkvæmdir sem kalla á viðauka.

2. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2021.

Oddviti kynnti annan viðauka við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2021. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um kr. 13.000.000 og útgjöld um kr. 8.000.000. Fjárfestingarkostnaður vegna gatnagerðar er hækkaður um kr. 10.000.000 þar sem aukinn kostnaður fellur til vegna hringtorgs og tengdra framkvæmda á Flúðum. Gert er ráð fyrir endurgreiðslu á fjárfestingu 2020 í fráveitu frá ríkissjóði sem nemi kr. 3.000.000. Heildarfjárfesting hækki því um kr. 7.000.000. Skv. þessu er gert ráð fyrir að rekstrarhagnaður sveitarfélagsins verði eftir þessar breytingar kr. 16.900.000. Sveitarstjórn samþykkir annan viðauka við fjárhagsáætlun 2021.

3. Lánasjóður sveitarfélaga: Lántaka.

Oddviti kynnti lánasamning við lánasjóð sveitarfélaga vegna lántöku frá Lánasjóði sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 50.000.000, með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, verðbóta auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til fjármögnunar á vatnsveitu sveitarfélagsins sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Jóni Valgeirsyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

4. Útboð í sorphirðu í Hrunamannahreppi.

Oddviti kynnti beiðni frá Kubbi ehf þar sem þeir óska eftir því að falla frá tilboði sínu í sorphirðu í Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn samþykkir beiðni Kubbs um að falla frá tilboði sínu og samþykkir að taka tilboði Terru sem átti næst lægsta tilboðið samkvæmt útboðinu og felur sveitarstjóra að ganga frá samningum við Terru.

5. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs: Breytingar. Fyrri umræða.

Oddviti kynnti samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi til fyrri umræðu en þar er gert ráð fyrir að taka upp fjögurra tunnu flokkun í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn vísar málinu til umfjöllunar í umhverfisnefnd og Heilbrigðisnefnd Suðurlands.

6. **Meistaraflokksráð ÍBU: Beiðni um sund- og líkamsræktarstyrk fyrir leikmenn meistaraflokks.**
Oddviti kynnti beiðni um sund- og líkamsræktarstyrk fyrir leikmenn meistaraflokks ÍBU í fótbolta. Sveitarstjórn vísar málinu til íþrótt- og tómstundafulltrúa og verkefnisstjóra Heilsuefandi samfélags m.a. til að skoða samræmingu á slíkri beiðni með sveitarfélögunum í Uppsveitum.
7. **Landvarðahús í Kerlingarfjöllum: Staðsetning og stofnun lóðar.**
Oddviti kynnti beiðni frá Umhverfisstofnun um staðsetningu landvarðahúss í Kerlingarfjöllum og stofnun lóðar undir húsið. Sveitarstjórn tekur vel í tillögu Umhverfisstofnunar að staðsetningu á landvarðahúsi í Kerlingarfjöllum og felur sveitarstjóra og oddvita að huga að útfærslu á verkefninu í samráði við Umhverfisstofnun.
8. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Auglýsing eftir umsóknum í sóknaráætlunarverkefnið A.10 – Almenningsamgöngur um allt land.**
Oddviti kynnti auglýsingu frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um umsóknir í sóknaráætlunarverkefnið A.10 – Almenningsamgöngur um allt land.
9. **Sóknarnefnd Hrunasóknar: Bundið slitlag að Hruna.**
Oddviti kynnti erindi frá sóknarnefnd Hrunasóknar um samstarf og stuðning vegna lagningar á bundnu slitlagi á vegkafla frá gatnamótum Hrunavegar að safnaðarheimili Hrunakirkju. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur oddvita og sveitarstjóra að útfæra útfærslur að stuðningi við verkefnið með sóknarnefnd Hrunasóknar.
10. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**
Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði þriðjudaginn 5. október nk. kl. 15:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

11. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 19. fundar frá 26. ágúst s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 19. fundar landbúnaðarnefndar frá 26. ágúst s.l. Þar var fjallað um fjallferð og fyrirkomulag rétta. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
12. **Veitustjórn Fundargerð 30. fundar frá 31. ágúst.**
Oddviti kynnti fundargerð 30. fundar veitustjórnar frá 31. ágúst s.l. Þar var fjallað um rekstraruppgjör Hitaveitu Flúða, stöðuyfirlit í vatns- og fráveitu og rekstraruppgjör Hrunaljóss. Þá voru lagðar fram aðalfundargerðir og ársreikningar Hitaveitu Grafarhverfis ehf og Flúðaokru ehf og samþykktur samningur milli Hrunamannahrepps og Fjölskyldubúsins í Gunnbjarnarholti vegna vatnsveitu. Sveitarstjórn samþykkir samning við Fjölskyldubúið og felur sveitarstjóra að undirrita hann en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn óskar eftir því að haldinn verði sameiginlegur fundur sveitar- og veitustjórna með eigendahópi Hitaveitu Grafarhverfis til að ræða málefni Hitaveitu Grafarhverfis.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

13. **Fundargerð 222. fundar skipulagsnefndar frá 25. ágúst s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 12. ágúst s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 222. fundar skipulagsnefndar frá 25. ágúst s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 12. ágúst s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi.
Mál nr. 41. Ásgarður: Landmótun, framkvæmdaleyfi.
Lögð var fram niðurstaða sveitarstjórnar Hrunamannahrepps vegna landmótunar á lóð Ásgarðs L223398 í Kerlingarfjöllum.
Lagt fram til kynningar
Mál nr.42. Sunnuhlíð íbúðabyggð: Breytt afmörkun lóðar og stofnun lóða. Deiliskipulagsbreyting.
Lögð var fram umsókn frá Landslagi ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi Sunnuhlíðar í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að afmörkun þriggja lóða á tanganum, syðst á deiliskipulagssvæðinu, er breytt til samræmis við afmörkun jarðarinnar sem nær út í miðja Litlu-Laxá og eru skipulagsmörk aðlöguð að lóðarmörkum. Einnig er afmörkun þessara þriggja lóða breytt og gert ráð fyrir tveimur minni lóðum sem eru flokkaðar sem B - Einbýlishús á 1 hæð. Vegtenging

er framlengd til suðurs til að ná inn á allar þær þrjár lóðir sem er verði að breyta. Aðrir skilmálar deiliskipulagsins haldast óbreyttir.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að viðkomandi breytinga á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

Mál nr. 43. Klettakot: Umsókn um byggingarleyfi.

Lögð var fram umsókn Jóns M. Halldórssonar fyrir hönd Hermanns Stefánssonar, móttekin 09.08.2021, um byggingarleyfi til að byggja 38,2 m² sumarbústað á lóðinni Klettakot L232046 í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykki aðliggjandi jarðeigenda liggur fyrir og telur nefndin því ekki þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykki aðliggjandi jarðeigenda liggur fyrir og telur sveitarstjórn því ekki þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 44. Hólakot: Efnistaka. Framkvæmdaleyfi.

Lögð var fram umsókn frá Landslagi ehf. þar sem óskað er eftir heimild til að nýta námu E19- Hólakotsbrúnir, gert er ráð fyrir að taka um 4.000-6.000 m³ úr námunni. Náman hefur þegar verið nýtt að einhverju leyti en umsækjandi hefur ekki upplýsingar um hve mikið hafi verið nýtt. Áætlað er að nýta efnið úr námunni frá ágúst 2021 til nóvemberloka 2021. Efnið verður nýtt við framkvæmdir við Auðsholtsveg nr. 340 og Langholtsveg nr. 341. Við lok efnistöku verður gengið frá því svæði sem raskað verður svo það líkist sem mest aðliggjandi landi.

Skipulagsnefnd UTU leggur til við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkt verði að veita framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr námu E19 með fyrirvara um skriflegt samþykki landeiganda fyrir efnistöku.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að veita framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr námu E19 með fyrirvara um skriflegt samþykki landeiganda fyrir efnistöku. Þá leggur sveitarstjórn ríka áherslu á að gengið verði frá röskuðu svæði um leið og framkvæmdum er lokið.

Mál nr. 45. Hólakot: Vegsvæði. Stofnun lóðar.

Lögð var fram umsókn frá Direktu lögfræðipjónustu f.h. Vegagerðarinnar og landeigenda, dags. 14. júlí 2021, er varðar stofnun 19.707 fm vegsvæðis úr landi Hólakots L166762 í Hrunamannahreppi í tengslum við Skeiða- og Hrunamannaveg skv. meðfylgjandi lóðablaði.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn.

Mál nr. 49. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 12. ágúst s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 12. ágúst s.l.

14. Stjórn UTU bs. Fundargerð 87. fundar stjórnar frá 25. ágúst 2021.

Oddviti kynnti fundargerð 87. fundar stjórnar UTU bs. Þar var fjallað um breytingar á samþykktum UTU og starfsmannamál. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Önnur mál:

15. Ársþing SASS: Kjörbréf.

Ársþing SASS, HES og SOS verður haldinn á Hellu 28. og 29. október nk. Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á ársþingi SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands: Halldóra Hjörleifsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir og Bjarney Vignisdóttir en til vara Sigurður Sigurjónsson og Jón Bjarnason. Fulltrúi á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri og til vara

Halldóra Hjörleifsdóttir. Sveitarstjórn samþykkir að varamenn geti mætt sem áheyrnarfulltrúar á þingið.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 571. fundar stjórnar frá 13. ágúst s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- b. Samband íslenskra sveitarfélaga: Beiðni um öflun ákveðinna lykilmælikvarða sem snerta vaktavinnufólk.**
Lagt fram til kynningar.
- c. Kópavatn – Garðastígur. Verkfundargerð 1. fundar.**
Lagt fram til kynningar.
- d. Gröf gatnagerð. Verkfundargerð 10. fundar.**
Lagt fram til kynningar.
- e. Hringtorg gatnagerð. Verkfundargerð 8. fundar.**
Lagt fram til kynningar.
- f. Miðlunargeymir Berghylsfjalli. Verkfundargerð 3. fundar.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- g. Stafræn ráðstefna sveitarfélaganna 29. september n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- h. Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna 7-8. október n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- i. Ársþing SASS 28-29. október n.k.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.16:45.